

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Breyting á deiliskipulagi Aðalgötu 60 og 62.
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 22. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Aðalgötu 60 og 62.

Lóðamörkum við Aðalgötu er breytt. Byggingarreit A er breytt, vestari mörk byggingarreits færast innar á lóðina, heimilt verði að byggja fullar tvær hæðir og byggingarmagn eykst, en hæð byggingar er óbreytt, sbr. uppdrætti Arkís dags. 11. maí 2023. Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 13. september 2023.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 28. september 2023